

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum um leigubifreiðar, nr. 36 9. maí 1970, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 5. október 1973.

Björn Jónsson.

Kristinn Gunnarsson.

Nr. 294.

8. október 1973.

AUGLÝSING

um skipulag í Innri-Akraneshreppi, Borgarfjarðarsýslu.

Að fengnum tillögum skipulagsstjórnar ríkisins hefur ráðuneytið, samkvæmt heimild í 4. gr. 2. mgr. skipulagslaga nr. 19 21. maí 1964, ákveðið, að ákvæði skipulagslaga nr. 19/1964 skuli ná til Innri-Akraneshrepps í Borgarfjarðarsýslu, að undanskildum nauðsynlegum byggingafrankvæmdum vegna búrekstrar.

Þetta er hér með birt til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að mál.

Félagsmálaráðuneytið, 8. október 1973.

Björn Jónsson.

Guðmundur Karl Jónsson.

Nr. 295.

8. október 1973.

AUGLÝSING

um skipulag í Mýrahreppi í Austur-Skaftafellssýslu.

Að fengnum tillögum skipulagsstjórnar ríkisins hefur ráðuneytið, samkvæmt heimild í 4. gr. 2. mgr. skipulagslaga nr. 19 21. maí 1964, ákveðið, að ákvæði skipulagslaga nr. 19/1964, skuli ná til Mýrahrepps í Austur-Skaftafellssýslu, að undanskildum nauðsynlegum byggingafrankvæmdum vegna búrekstrar.

Þetta er hér með birt til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að mál.

Félagsmálaráðuneytið, 8. október 1973.

Björn Jónsson.

Guðmundur Karl Jónsson.

Nr. 296.

8. október 1973.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 251 31. des. 1965 um breytingu á reglugerð Vatnsveitu Kópavogskaupstaðar nr. 183 12. des. 1958.

1. gr.

1. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

8. gr. reglugerðar nr. 183/1958 orðist svo:

Fyrir hvert hús, sem fær vatn frá Vatnsveitunni skal greiða tengigjald kr. 9.00